

## FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR OG FORELDRARÁÐS 2. desember 2004

Mætt eru: Birna Sveinsdóttir, Björn Hallbjörnsson, Gígja Óskarsdóttir varamaður Fannars Viggóssonar, Kristján Steinar Kristjánsson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Ólafur Bernódusson aðstoðarskólastjóri, Björk Hlöðversdóttir fulltrúi kennara, Björn Ingi Óskarsson fulltrúi foreldrafélags, Hjörtur Guðmundsson fulltrúi foreldraráðs, Magnús Magnússon fulltrúi foreldraráðs.

Birna Sveinsdóttir, formaður skólanefndar, setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Ráðstafanir vegna verkfalls kennara

Ingibergur dreifði núverandi skóladagatali. Fór hann yfir dagatalið og kom m.a. fram í máli hans að nýliðið verkfall kennara hefði staðið 32 kennsludaga. Ingibergur velti upp nokkrum hugmyndum að breytingum til að reyna að bæta nemendum þann tíma sem þeir misstu úr. Benti hann á að allar breytingar á dagatalinu yrði að gera í fullu samráði allra aðila: kennara, skólanefndar, foreldra og hreppsnefndar. Benti hann á að ljóst væri að alla aukadaga í kennslu yrði að kaupa af kennurum. Aukadagar eru t.d. að fella niður áður ákveðið vetrarfrí, kenna í páskaleyfi og fleiri slíka frídaga. Ekki er hægt að skylda kennara til að kenna á þessum frídögum sínum og því þarf að fá samþykki þeirra fyrir slíkum breytingum.

Fundarmenn veltu ýmsum lausnum fyrir sér og fram kom að hér væri líka um fjárhagslegt spursmál að ræða.

Ingibergur lagði til að skipaður yrði starfshópur til að vinna að tillögum um hvernig dagatali ársins verði háttað. Samþykkt var að skipa slíkan starfshóp og í hann voru kjörin: Ingibergur, Björk, Birna og Magnús.

### 2. Fjárhagsbeiðni fyrir árið 2005

Fundarmenn höfðu fengið sendar fjárhagsbeiðnir skólans fyrir árið 2005. Á fundinum dreifði Ingibergur samanburðarblaði vegna beiðna fyrri ára og rauntalna sömu ára. Hann fór yfir fjárhagsbeiðnina og skýrði nokkur atriði fyrir fundarmönnum.

Ingibergur dreifði á fundinum greinargerð með rökstuðningi vegna beiðni um að fá skólalíða í 100% starf til viðbótar við þá sem fyrir eru. Einnig var á sama blaði greinargerð um skólamáltíðir. Í greinargerðinni er vitnað í 4. grein grunnskólalaga þar sem segir að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma.

Þá dreifði Ingibergur rökstuðningi fyrir nauðsyn þess að ráða námsráðgjafa að skólanum í 10 - 15% starf til að byrja með.

Umræður urðu um öll þessi mál og ræddu fundarmenn meðal annars hvernig skólamáltíðum væri fyrir komið í nágrannaskólunum. Þá svaraði Ingibergur spurningum sem fram komu í umræðum varðandi fjárhagsbeiðnina.

Skólanefnd samþykkti að vísa fjárhagsbeiðninni áfram til frekari umfjöllunar í hreppsnefnd.

### 3. Önnur mál

A. Mál nemanda fært í trúnaðarbók

B. Starfsmannamál fært í trúnaðarbók

Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fleira var ekki gert á fundinum og fundi slitið kl 18:40.

‘Olafur Bernóðusson, fundarritari.